

## Svar

### **fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um útgreiðslu séreignarsparnaðar til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.**

Við vinnslu svarsins óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Skattinum.

1. *Hversu margir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa óskað eftir því hjá Skattinum að útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sé skráð í reit 143 í skattframtali?*

Í svari Skattsins er vakin athygli á að Skatturinn hafi að fyrra bragði verið búinn að ljúka við leiðréttingu í nánast öllum tilvikum í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins.

Í svarinu kemur fram að kærur vegna álagningar tekjuáranna 2020 og 2021, þar sem krafist var flutnings tekna úr reit 140 í reit 143, hafi alls verið 58. Fallist hafi verið á kröfu kæranda að fullu í 27 tilvikum en í 31 tilviki hafi kröfu verið hafnað.

2. *Hversu margir hafa fengið slíka leiðréttingu og vegna hversu mikilla útgreiðslna? Svar óskast sundurliðað eftir útgreiðslum áráanna 2020 og 2021.*

Í svari Skattsins kemur fram að ekki hafi verið haldið sérstaklega utan um fjárhæðir útgreiðslna að baki leiðréttingunum. Þá greinir að fjöldi leiðréttinga sem búið sé að framkvæma sé eftirfarandi:

Vegna tekjuársins 2020	10.780 einstaklingar
Vegna tekjuársins 2021	9.515 einstaklingar

3. *Hversu mörgum hefur verið synjað um slíka leiðréttingu og vegna hversu mikilla útgreiðslna? Svar óskast sundurliðað eftir útgreiðslum áráanna 2020 og 2021.*

Í svari Skattsins kemur fram að synjanir vegna tekjuársins 2020 hafi verið 31 tilvik og að í engu tilviki hafi verið synjað vegna tekjuársins 2021. Fram kemur að ekki hafi verið haldið sérstaklega utan um fjárhæðir útgreiðslna.